# Framsóknarflokkurinn

Sameinuð reikningsskil

# 2020

Framsóknarflokkurinn
Hverfisgata 33
101 Reykjavík
Kt. 560169-7449

# Staðfesting stjórnar

Stjórn og framkvæmdarstjóri Framsóknarflokksins staðfesta hér með ársreikning flokksins fyrir árið 2020 með undirritun sinni. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning flokksins auk kjördæmisráða og undirfélaga hans sem eru yfir tilteknum viðmiðunarmörkm laga um fjármál stjórnmálasamtaka, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Samstæðureikningurinn 2020 hefur að geyma ársreikning Framsóknarflokksins og ársreikninga samtals 29 kjördæmisráða og undirfélaga auk Skúlagarðs ehf.

Hagnaður varð af rekstri flokksins á árinu 2020 að fjárhæð kr. 19 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé flokksins í lok ársins var neikvætt og nam kr. 234 þúsund samkvæmt efnahagsreikningi.

Dagsetning 31.10.2021

**Stjórn:**

**Framkvæmdastjóri:**

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Framsóknarflokksins**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi sameinuð reikningsskil Framsóknarflokksins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að sameinuð reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu á árinu 2020, efnahag 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Framsóknarflokknum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu sameinaðra reikningsskila Framsóknarflokksins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu sameinaðra reikningsskila, þannig að þau séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Framsóknarflokksins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að sameinuð reikningsskil séu án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits flokksins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi flokksins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort sameinuð reikningsskil gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 31. október 2021

**Endurskoðun VSK ehf.**

Svavar G. Stefánsson
Löggiltur endurskoðandi

Jón Þ. Hilmarsson
Löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur árið 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Fjárframlög úr ríkissjóði | | 80.705.807 | 82.422.909 |
| Þingsflokksstyrkur | | 11.374.024 | 11.591.567 |
| Fjárframlög sveitarfélaga | (3) | 3.595.246 | 3.686.499 |
| Framlög lögaðila | (3) | 2.900.000 | 810.000 |
| Framlög einstaklinga | | 4.635.470 | 3.185.610 |
| Almenn félagsgjöld | | 6.296.375 | 3.397.616 |
| *Framlög alls* | | 109.506.922 | 105.094.201 |
| Leigutekjur | | 8.644.379 | 10.888.611 |
| Flokksþing | | 0 | 223.486 |
| Leiga lausafjár | | 249.125 | 148.787 |
| Þjónustutekjur | | 1.419.366 | 2.264.886 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 1.362.151 | 565.518 |
| Happdrætti og auglýsingatekjur | | 70.000 | 773.057 |
| *Aðrar tekjur alls* | | 11.745.021 | 14.864.345 |
| **Tekjur alls** | | 121.251.943 | 119.958.546 |
| **Gjöld** | | | |
| Skrifstofur flokksins | (4) | 78.086.016 | 64.437.156 |
| Flokksþing | | 1.005.484 | 0 |
| Prófkjör | | 568.861 | 0 |
| Útgáfukostnaður | | 417.009 | 117.399 |
| Annar rekstrarkostnaður | (5) | 408.338 | 528.547 |
| Fyrningar | (7) | 597.129 | 604.818 |
| **Gjöld alls** | | 81.082.837 | 65.687.920 |
| Rekstrarhagnaður | | 40.169.106 | 54.270.626 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 90.481 | 228.602 |
| Fjármagnsgjöld | | (20.855.003) | (17.694.210) |
| *Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)* | (6) | (20.764.522) | (17.465.608) |
| Hagnaður (tap) án minnihluta | | 19.404.584 | 36.805.018 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu | | (188.929) | 109.559 |
| Hagnaður (tap) ársins | | 19.215.655 | 36.914.577 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteignir | (7) | 126.677.428 | 127.205.361 |
| Áhöld, tæki, innréttingar og búnaður | (7) | 1.052.766 | 1.121.962 |
| Eignarhlutir í félögum | (8) | 7.158.317 | 7.258.317 |
| *Fastafjármunir alls* | | 134.888.511 | 135.585.640 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Viðskiptakröfur | (9) | 22.841.702 | 28.778.280 |
| Aðrar kröfur | (9) | 24.353.909 | 20.775.131 |
| *Skammtímakröfur alls* | | 47.195.611 | 49.553.411 |
| **Handbært fé** | | | |
| Sjóður og bankainnistæður | (9) | 29.082.623 | 20.821.865 |
| *Veltufjármunir alls* | | 76.278.234 | 70.375.276 |
| **Eignir alls** | | 211.166.745 | 205.960.916 |

# 31. desember 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) | | (3.223.168) | (21.991.510) |
| Hlutdeild minnihluta | | 2.990.259 | 2.801.330 |
| *Eigið fé alls* | (10) | (232.909) | (19.190.180) |
| **Skuldir:** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 155.101.259 | 136.746.372 |
| Næsta árs afborganir | | (8.894.637) | (57.180.857) |
| *Langtímaskuldir alls* | (11) | 146.206.622 | 79.565.515 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | (12) | 10.772.311 | 17.465.054 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 588.200 | 3.308.580 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | | 8.894.637 | 57.180.857 |
| Skuldir við lánastofnanir | (12) | 36.584.036 | 61.439.917 |
| Áfallnir vextir | (12) | 4.600.818 | 2.360.348 |
| Aðrar skammtímaskuldir | (13) | 3.753.030 | 3.830.825 |
| *Skammtímaskuldir alls* | | 65.193.032 | 145.585.581 |
| **Skuldir alls** | | 211.399.654 | 225.151.096 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 211.166.745 | 205.960.916 |

# Sjóðstreymi 2020

| | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | | | |
| Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | Kr. | 19.215.655 | 36.914.577 |
| | | | |
| Fyrningar | - | 597.129 | 604.818 |
| Verðbætur/ gengismunur langtímalána | - | 12.139.593 | 7.465.984 |
| Áhrif minnihluta | - | 188.929 | (109.559) |
| Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi | Kr. | 32.141.306 | 44.875.820 |
| | | | |
| **Breytingar innan hreins veltufjár:** | | | |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | Kr. | (4.892.648) | (43.980.966) |
| | Kr. | 27.248.658 | 894.854 |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Hlutabréf - breyting | Kr. | 100.000 | 0 |
| | Kr. | 100.000 | 0 |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Afborgun langtímaskulda | Kr. | (63.784.706) | (8.500.310) |
| Ný langtímalán | - | 70.000.000 | 0 |
| Skuldir við banka, hækkun | - | (24.855.881) | 13.552.724 |
| Aðrar breytingar | - | (447.313) | 0 |
| | Kr. | (19.087.900) | 5.052.414 |
| | | | |
| Breyting á handbæru fé | Kr. | 8.260.758 | 5.947.268 |
| Handbært fé í ársbyrjun | - | 20.821.865 | 14.874.597 |
| **Handbært fé í árslok** | Kr. | 29.082.623 | 20.821.865 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Framsóknarflokkurinn er stjórnmálasamtök sem standa að baki framboða til alþingis og sveitastjórna í öllum kjördæmum landsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsskil Framsóknarflokksins eru gerð í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra sbr. lög nr. 162/2006 með síðari breytingum. Reikningsskilin eru ennfremur byggð á lögum um gerð ársreikninga.

Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

### Flokksfélög

Sameinuð reikningsskil flokksfélaga taka til ársreiknings Framsóknarflokksins og ársreikninga flokkseininganna (systursamtaka) sem undir þau falla, og hafa verið sameinuð í einn reikning á reikningsskiladegi. Þau taka einnig til dótturfélags flokksins. Samkvæmt 3. mgr. 16.gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka , sbr. IV. kafla laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, er heimilt að halda flokkseiningum utan hinna sameinuðu reikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 550 þús. kr. á ári. Fjárhæðir í sameinuðum reikningssskilum flokksfélaga eru samanburðarhæfar þar sem sömu félög eru innan sameinaðra reikningsskila á milli ára.

Þar sem tekjur stjórnmálasamtaka geta verið mjög breytilegar og ófyrirsjáanlegar þá getur fjöldi félaganna í sameinuðum reikningsskilum verið breytilegur á milli ára. Það leiðir til þess að samanburður á milli ára er ekki jafn marktækur og verið hefði ef ávallt væri um sama fjölda félaga að ræða. Samanburðartölur fyrra árs þegar svo ber undir taka ekki tillit til innkomu nýrra félaga.

Sameinuð reikningsskil skulu geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Sameinuð reikningsskil skulu gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé. Við gerð sameinaðra reikningsskila skulu samskonar tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir nettaðir saman. Gera skal nauðsynlegar leiðréttingar vegna sérstakra þátta sem eiga aðeins við um sameinuð reikningsskil.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar þegar þær falla til.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Fasteignir í hlutafélögum innan samstæðunnar eru afskrifaðar en ekki aðrar fasteignir.

### Verðbréf

Fjárfestingar í eignarhlutum í félögum er færð við kostnaðarverði. Ekki er færð hlutdeild í afkomu viðkomandi félaga enda um óverulegar fjárhæðir að ræða.
Hlutdeild í dótturfélagi er færð m.v. hlutdeildaraðferð í bókhaldi móðurfélags.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

**Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru uppreiknaðar í árslok miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

## 3. Framlög lögaðila og sveitarfélaga

| | | 2020 |
|---|---|---|
| **Lögaðili:** | Kennitala: | Upphæð |
| Málaverkstæðið ehf. | 640393-2039 | 10.000 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 680169-5009 | 550.000 |
| Oddi ehf | 550367-0179 | 30.000 |
| OPO ehf | 410910-0200 | 30.000 |
| Stálheppinn ehf | 430909-0880 | 30.000 |
| Vestri ehf | 700672-1159 | 50.000 |
| Vísir hf | 701181-0779 | 300.000 |
| Síldarvinnslan hf | 570269-7479 | 500.000 |
| Arnarlax ehf | 580310-0600 | 300.000 |
| Fiskeldi Austfjarðar hf | 520412-0930 | 500.000 |
| Laxar eignarhaldsfélag ehf | 621205-1370 | 400.000 |
| Ísfirsk fjárfesting ehf | 591200-3720 | 50.000 |
| ISO-ferðir ehf | 670996-2399 | 75.000 |
| Olíufélag útvegsmanna ehf | 451284-0459 | 75.000 |
| | | 2.900.000 |

| | | 2020 |
|---|---|---|
| **Sveitarfélag:** | Kennitala: | Upphæð |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 550698-2349 | 170.000 |
| Sveitarfélagið Árborg | 650598-2029 | 155.000 |
| Akraneskaupstaður | 410169-4449 | 217.945 |
| Akureyrarkaupstaður | 410169-6229 | 366.467 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 590169-4639 | 417.525 |
| Fjarðabyggð | 470698-2099 | 235.960 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 590169-7579 | 416.000 |
| Ísafjarðabær | 540596-2639 | 179.409 |
| Reykjanesbær | 470794-2169 | 559.480 |
| Suðurnesjabær | 550518-1200 | 250.688 |
| Norðurþing | 640159-5599 | 105.556 |
| Kópavogsbær | 700169-3759 | 521.216 |
| | | 3.595.246 |

Engir styrkir lögaðila voru yfir 550.000 og þrír styrkir frá einstaklingum voru yfir 300.000 kr.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhann Friðrik Friðriksson | 260379-5699 | 325.400 |
| Guðmundur Baldvin Guðmundsson | 181262-5089 | 550.000 |
| Ingibjörg Ólöf Ísaksen | 140277-3719 | 316.099 |
| | | 1.191.499 |

## 4. Skrifstofukostnaður

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Launakostnaður: | 28.788.586 | 26.869.446 |
| Húsnæðiskostnaður: | 11.197.354 | 11.997.028 |
| Annar skrifstofukostnaður: | 38.100.076 | 25.570.682 |
| Skrifstofukostnaður alls | 78.086.016 | 64.437.156 |

## 5. Annar kostnaður

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Rekstur bifreiða | 408.338 | 488.547 |
| Ýmis kostnaður | 0 | 40.000 |
| | 408.338 | 528.547 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 90.481 | 228.602 |
| | | |
| Vaxtagjöld | 8.715.410 | 10.927.259 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | 12.139.593 | 6.766.951 |
| | 20.855.003 | 17.694.210 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| **Samstæða** | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 135.772.096 | 4.435.364 | 140.207.460 |
| | | | |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 8.566.735 | 3.313.402 | 11.880.137 |
| Afskrift ársins | 527.933 | 69.196 | 597.129 |
| Staða í árslok | 9.094.668 | 3.382.598 | 12.477.266 |
| | | | |
| Bókfært verð í árslok | 126.677.428 | 1.052.766 | 127.730.194 |

## 8. Eignarhlutir í félögum

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Spanarhóll ehf | 1.012.185 | 1.012.185 |
| Framnes hf | 3.226.132 | 3.226.132 |
| Eyrarvegur 15 ehf | 2.920.000 | 3.020.000 |
| Staða í árslok | 7.158.317 | 7.258.317 |

## 9. Aðrar peningalegar eignir

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 22.841.702 | 28.778.280 |
| | 22.841.702 | 28.778.280 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Aðrar kröfur | 24.353.909 | 20.775.131 |
| | 24.353.909 | 20.775.131 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 10. Eigið fé

| | | |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. (neikvætt) | (21.991.510) | (58.906.088) |
| Leiðréttingar vegna fyrra árs | (447.314) | 0 |
| Hagnaður (tap) ársins | 19.215.655 | 36.914.577 |
| Eigið fé 31.12 | (3.223.168) | (21.991.510) |
| Hlutdeild minnihluta í árslok | 2.990.259 | 2.801.330 |
| Eigið fé og hlutdeild minnihluta 31.12 samtals | (232.909) | (19.190.180) |

## 11. Langtímaskuldir

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | 78.601.907 | 73.871.597 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 76.499.352 | 62.874.775 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (8.894.637) | (57.180.857) |
| Langtímaskuldir í árslok | 146.206.622 | 79.565.515 |

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 10.772.311 | 17.465.054 |
| | 10.772.311 | 17.465.054 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddir áfallnir vextir | 4.600.818 | 2.360.348 |
| | 4.600.818 | 2.360.348 |

**Skuldir við lánastofnanir**

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 36.584.036 | 61.439.917 |
| | 36.584.036 | 61.439.917 |

## 13. Í sameinuðum reikningsskilum þessum er að finna eftirfarandi félög sem er óbreytt frá fyrra ári:

| Félög: | Megin starfsemi: |
|---|---|
| Framsóknarfélag Akureyrar og nágrennis | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Akraness | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Austur Skaftfellinga | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Árborgar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Árnessýslu | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Fjallabyggðar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Garðabæjar og Álftaness | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Grindavíkur | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Grundarfjarðar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Hafnarfjarðar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Ísafjarðar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Mosfellsbæjar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Reykjanesbæjar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Reykjavíkur | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Suðurnesjabæjar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Þingeyinga | Stjórnmál |
| Freyja félag framsóknarkvenna í Kópavogi | Stjórnmál |
| Fulltrúaráð Framsóknarfélagsins í Kópavogi | Stjórnmál |
| Kjördæmaráð framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi | Kjördæmafélag |
| Kjördæmasamband framsóknarmanna í Suðurkjördæmi | Kjördæmafélag |
| Kjördæmasamband framsóknarmanna í Reykjavík | Kjördæmafélag |
| Kjördæmasamband framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi | Kjördæmafélag |
| Kjördæmasamband framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi | Kjördæmafélag |
| Landsamband framsóknarkvenna LFK | Stjórnmál |
| Samband ungra framsóknarmanna SUF | Stjórnmál |
| Skúlagarður hf - dótturfélag | Rekstur fasteigna |
| Framsóknarfélag Vestmannaeyja | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Skagafjarðar | Stjórnmál |
| Framsóknarfélag Fjarðabyggðar | Stjórnmál |

Þessi flokkseiningar eru ekki hluti af samstæðureikningi Framsóknarflokksins

| **Framsóknarfélög** | **Kennitala** |
|---|---|
| Framsóknarfélag Borgarfjarðar og Mýra | 691282-0159 |
| Framsóknarfélag Húnaþings vestra | 631202-2920 |
| Framsóknarfélag Múlaþings | 680501-3430 |
| Framsóknarfélag Dalvíkurbyggðar | 470410-0940 |
| Framsóknarfélag Hveragerðis | 460598-2499 |
| Framsóknarfélag Ölfuss | 470793-2289 |
| Framsóknarfélag Rangæinga | 560103-4090 |